


**Eldvörp hola EG-2. Athugun á grjótmulningi
úr holunni við upphleypingu í nóv. 1995**

Hjalti Franzson

Greinargerð HF-95-03



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild



ORKUSTOFNUN
Greinagerðasafn

Eldvörp hola EG-2

Athugun á grjótmulningi úr holunni við upphleypingu í nóv. 1995.

Við snögga upphleypingu holu EG-2 í Eldvörpum í nóvember 1995, þegar verið var að ná upp hitamæli, kom upp töluvert magn af bergbrotum allt að 1 cm í þvermál. Forvitnileg þótti að aðgæta hvaðan þeir molar væru komnir.

Berggerðin reyndist vera mjög ummyndað og æðótt basalt móbergstúff. Ummyndunarsteindir samkvæmt víðsjárgreiningu eru aðallega kvars, kalsít, klórít og pýrít, en engin vísbending var um epidót. Röntgengreining af einu brotinu er í samræmi við það en hún sýndi plagíóklas (berg), klórít og kvars.

Einsleitni bergbrota (túff) bendir til að þau séu ættuð frá einum stað í holunni, ofan klórít-epidótbeltisins, en það gefur dýptarbilið 526m (neðri endi vinnslufóðringar) og niður að um 580 m þar sem innskotsberg blandast við túffið. Eðlilegt er að ætla að bergbrotnunin eigi skylt við þá þrýstibreytingu þegar opnað var skyndilega fyrir holuna. Á þessu dýptarbili eru þrjár æðar, á 530 m, 545 m og 560 m, og er líklegt að brotin komi frá einni þeirra.

Ekki er loku fyrir það skotið að hrun í bergveggnum hafi verið enn meira, en að aðeins þau bergbrot sem þrengt gátu sér í gegnum raufarnar í leiðaranum komust áfram til yfirborðs.